



Ábyrgð Toro og GTS-gangsetningarábyrgð Toro

Vörur til einkanota (alþj.)

Samantektarlýsing

The Toro Company lofar að gera við neðangreinda vöru frá Toro vegna efnis- eða smíðagalla eða ef ekki er hægt að gangsetja mótörinn í fyrsta eða öðru togi (GTS-gangsetningarábyrgð) á því tímabili sem skráð er hér að neðan.

Ábyrgðin gildir eingöngu ef reglubundnu viðhaldi, sem lýst er í *notandahandbókinni*, er sinnt.

GTS-gangsetningarábyrgðin á ekki við þegar varan er notuð í atvinnurekstri.

Toro veitir enga aðra beina ábyrgð. Framleiðandi vélarinnar kann að bjóða upp á sérstaka ábyrgð fyrir vélna og sérstaka ábyrgð fyrir útblásturskerfið. Fylgiskjöl fylgja með vörunni, eftir því sem við á.

Ábyrgðar vörur

Eftirfarandi tímabil eiga við frá upphaflegri kaupdagsetningu:

Ábyrgðartímabil			
Vörur	Nánari upplýsingar	Einkanoth	Rekstrarnot
Herfi		2 ár	30 dagar
	Vél	2 ár	1 ár
76 cm 72 V sláttuvél		3 ár	30 dagar
	Vél	3 ár	30 dagar
	Gírkassi	3 ár	30 dagar
	Rafhlaða	3 ár	30 dagar
81 cm 72 V sláttuvél		3 ár	30 dagar
	Vél	3 ár	30 dagar
	Gírkassi	3 ár	30 dagar
	Rafhlaða	3 ár	30 dagar
Sláttuvélar	• Úr steypujárni	5 ár	90 dagar
	Vél	5 ár GTS ¹	90 dagar
	Rafhlaða	2 ár	2 ár
	• Úr stáli	2 ár	30 dagar
	Vél	2 ár GTS ¹	90 dagar
TimeMaster-sláttuvélar	Eining	3 ár	90 dagar
	Vél	3 ár GTS ¹	90 dagar
	Rafhlaða	2 ár	2 ár
Rafmagnssláttuorff	Ultra-vörur	2 ár	30 dagar
	Flex Force-vörur	3 ár	30 dagar
	60 V hleðslutækir/rafhlaða	3 ár	1 ár
		3 ár	30 dagar
60 V sláttuvélar		3 ár	30 dagar
Allir sláttutraktorar hér að neðan	Rafhlaða		2 ár
	Áfestur búnaður		2 ár
		3 ár	30 dagar
TimeCutter-sláttuvélar	• Vélar		
	—Kohler	3 ár	3 ár
	—Eins strokks Toro	3 ár	90 dagar
	—Tveggja strokka Toro	3 ár	3 ár eða 300 vinnustundir ²
	—Briggs and Stratton	3 ár	90 dagar
Titan-eining og vél		3 ár eða	300 vinnustundir ²

¹Einkanoth þýðir að varan er notuð á sama stað og eigandi býr. Notkun á fleiri en einum stað telst til rekstrarnota og um hana gildir rekstrarábyrgð.

²GTS-gangsetningarábyrgð Toro á ekki við þegar varan er notuð í atvinnurekstri.

³Hvort sem kemur fyrst.

Ábyrgð kann að vera hafnað ef vinnustundamælirinn er aftengdur, honum breytt eða merki eru um að átt hafi verið við hann.

Leiðbeiningar um hvernig skal nálgast ábyrgðarþjónustu

Ef þú telur efnis- eða smíðagalla vera til staðar í Toro-vörunni þinni skaltu fylgja eftirfarandi ferli:

- Hafðu samband við vottaða þjónustumiðstöð Toro til að bóka þjónustu fyrir vöruna. Farðu á <http://www.toro.com> og veldu WHERE TO BUY (hvar á að kaupa) til að finna næstu þjónustumiðstöð Toro.
- Komdu með vöruna og staðfestingu á kaupum (sölukvittun) á þjónustumiðstöðina. Þjónustumiðstöð greinir vandamálið og tekur ákvörðun um hvort það fellur undir ábyrgðina.
- Vakni frekari spurningar um skilmála ábyrgðarinnar:

Samskipta-upplýsingar: <http://www.toro.com/support>

Niðurhal: Sæktu forritið MyToro á forritaverslun tækisins.
Skrifa: The Toro Company®, 8111 Lyndale Ave So., Bloomington, MN 55420

Skyldur eiganda

Þú þarft að halda Toro-vörunni við í samræmi við eftirfarandi viðhaldsferli sem lýst er í *notandahandbókinni*. Slíkt reglubundið viðhald, hvort sem það er í höndum söluaðila eða þín, er á

þinn kostnað. Íhlutir sem skipta þarf um í tengslum við reglubundið viðhald („varahlutir“) falla undir ábyrgð fram að þeim tíma sem skipta þarf um þá samkvæmt reglubundnu viðhaldi. Ef reglubundið viðhald og stillingar eru ekki framkvæmd er möguleiki á að ábyrgð falli úr gildi.

Hlutir og ástand sem ekki fellur undir ábyrgð

Ekki eru allar bilanir sem upp koma innan ábyrgðartímabilsins vegna efnis- eða smíðagalla. Þessi beina ábyrgð nær ekki yfir eftirfarandi:

- Kostnað vegna reglubundins viðhalds eða varahluta, á borð við eldsneyti, smurefni, olíuskipti, stillingar kapla/tengibúnaðar, síur, kerti, loftsíur, brýningu hnífa eða slitna hnífa eða stillingar á hemlum og kúplingum
- Íhluti sem bila vegna eðlilegs slits
- Vöru eða varahlut sem hefur verið breytt, misnotaður, vanræktur eða krefst skipta eða viðgerða vegna slyss eða ónógs viðhalds
- Greiðslu vegna afgreiðslu og afhendingar
- Viðgerðir eða tilraun til viðgerða í höndum annarra en vottaðrar þjónustumiðstöðvar Toro
- Þegar leiðbeiningum og kröfum við áfyllingu eldsneytis er ekki fylgt (frekari upplýsingar eru í *notandahandbók*), svo sem:
 - Notkun gamals eldsneytis (meira en 1 mánaða gamalt) eða eldsneytis sem innheldur meira en 10% etanol eða meira en 15% MTBE
 - Eldsneytiskerfi er ekki tæmt fyrir fyrirsjáanlega stöðvun í meira en 1 mánuð
 - Rangt eldsneyti
- Viðgerðir og stillingar vegna eftirfarandi:
 - Óhreininda í eldsneytiskerfi
 - Reglubundnu viðhaldi og/eða stillingum ekki sinnt
 - Sláttuvélarhnifur rekst utan í hlut
 - Rangt gangsetningarferli
- Sérstakar notkunaraðstæður þar sem hugsanlega þarf að toga oftar en tvisvar fyrir gangsetningu:
 - Fyrsta gangsetning eftir að varan hefur ekki verið notuð í yfir 3 mánuði eða er tekin í notkun eftir árstíðabundna geymslu
 - Gangsetning í kulda t.d. snemma vors eða síðla hausts
- Bilanir í vöru vegna notkunar breyttra eða ósamþykkrar aukahluta eða varahluta sem ekki eru frá Toro.
- Bilanir vegna utanaðkomandi áhrifa, þar á meðal, en ekki takmarkað við, veðurs; geymslu; óhreininda; eða notkunar ósamþykkrar kælivökvá, smurefna, íblöndunarefna eða íðefna

Almennir skilmálar

Allar viðgerðir sem falla undir þessa ábyrgð þarf að framkvæma hjá viðukenndum söluaðila Toro með samþykktum varahlutum frá Toro. Slík viðgerð er eina úrræðið sem er í boði með þessari ábyrgð.

The Toro Company ber ekki ábyrgð á óbeinu, tilfallandi eða afleiddu tjóni vegna notkunar Toro-vöru sem undir þessa ábyrgð fellur, þar á meðal kostnaði eða útgjöldum vegna staðgöngubúnaðar eða þjónustu á bilunartíma eða stöðvunar fram að lokum viðgerða samkvæmt þessari ábyrgð.

Öll óbein ábyrgð, þar á meðal á söluhæfni og hæfi í sérstökum tilgangi, er takmörkuð við gildistíma beinu ábyrgðarinnar.

Í heimalandi sínu nýtur kaupandi mögulega frekari lögverndaðra réttinda sem þessi ábyrgð skerðir ekki á neinn hátt.

Önnur lönd en Bandaríkin, Mexíkó eða Kanada

Viðskiptavinir sem kaupa Toro-vörur utan Bandaríkjanna, Mexíkó eða Kanada skulu hafa samband við vottaða þjónustumiðstöð Toro vegna upplýsinga um ábyrgð í viðkomandi landi, héraði eða ríki. Vakni frekari spurningar um skilmála ábyrgðarinnar geturðu haft samband við The Toro Company.

Áströlsk neytendalöggjöf

Vörum okkar fylgir ábyrgð sem ekki er hægt að takmarka samkvæmt ástralskri neytendalöggjöf. Þú átt rétt á að fá nýja vöru eða endurgreiðslu vegna meiriháttar bilunar og bóta vegna annars eðlilega fyrirsjáanlegs taps eða tjóns. Þú átt einnig rétt á að láta gera við vöruna eða skipta henni út ef varan telst ekki af ásatlanlegum gæðum og bilunin telst ekki vera meiriháttar bilun.